



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

STARFSLEYFI

fyrir móttöku á úrgangi (brotamálm) og úr sér gengnum ökutækjum á lóð að Klettagörðum 9, F2230596 og rýmum 04 0101, 05 0101 og 06 0101.

Nafn leyfishafa: Sindraport hf.

Heimilisfang: Klettagarðar 9

Póstnúmer: 104

Kennitala: 420589-1319

Útgáfudagur leyfis: XX.XX. 2026

Gildir til: 1. september 2031

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með *Almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi, sértækum starfsleyfisskilyrðum fyrir Sindraport hf., kt:420589-1319, fyrir starfsemi móttökustöðvar fyrir úrgang að Klettagörðum 9, samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir móttökustöð fyrir ökutæki sem áformað er að farga, samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir flutning á spilliefnum, starfsskilyrðum fyrir flutning á úrgangi og starfsskilyrðum fyrir bifreiða- og vélaverkstæði*

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili saki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skyld er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, XX.XX. 2026

Starfsskilyrði fyrir

flutning úrgangs, annars en flutning úrgangs á milli landa og flutningur spilliefna

Samræmd starfsskilyrði vegna mengunarvarna, skv. 5 gr. reglugerðar um skráningarskyldan atvinnurekstur nr. 830/2022, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum.

Rekstraraðila ber ávallt að uppfylla skilyrði þessi og almenn skilyrði. Einnig skal tryggja að starfsemi hans sé í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerða settra samkvæmt þeim.

1. MENGUNARVARNIR

		Rgl.nr.
1.1	Rekstraraðila er skylt að halda flutningsbifreiðum, tækjum og búnaði ásamt byggingum og umhverfi hreinu og snyrtilegu. Fullnægjandi aðstaða skal vera fyrir hendi til daglegra þrifa á flutningstækjum.	737/2003
1.2	Rekstraraðili skal starfrækja innra eftirlit með mengandi þáttum, umhverfis og rekstrarþáttum á hverri starfsstöð. Innra eftirlit og skráningar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðilum. Skrá skal á skilvirkan hátt og geyma upplýsingar um : a) Magn og gerð úrgangs sem fluttur er. b) Vegakort sem sýnir flutningsleiðir sem teknar eru oftast. c) Skrá skal allar akstursleiðir sem liggja um viðkvæm svæði. d) Gera skal viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa. e) Skrá skal öll mengunaróhöpp og atvik er varða mengun og mengunarvarnir rekstraraðila, s.s. bilanir, leka eða slys.	550/2018
1.3	Flutningstæki skulu vera þannig útbúin að sorp eða úrgangur geti ekki fallið af þeim og/eða úrgangur lekið niður og valdið ónæði eða óþrifum. Ef óhöpp verða skal strax hreinsa og þrifa upp það sem farið hefur niður. Við flutning um fjallvegi, náttúruverndarsvæði og/eða grannsvæði vatnsbóla skal gæta sérstakrar varðúðar	737/2003
1.4	Einungis er heimilt að losa heimilissorp og framleiðsluúrgang á viðurkenndum sorpmóttöku- eða förgunarstöðum.	737/2003
1.5	Rekstraraðili skal taka tillit til samþykktar sveitarstjórnar viðkomandi sveitarfélags um meðhöndlun úrgangs.	737/2003

1.6	Ílát fyrir úrgang skulu skýrlega merkt. Ef upplýsingar vantar skal merkja farminn sem óþekktan.	737/2003
1.7	Starfseminni skal þannig hagað að hún valdi ekki nágrönnum eða fólki í nærliggjandi húsakynnum óþægindum vegna lyktar og ónæðis.	737/2003

2. Eftirlit með færanlegri starfsemi

		Rgl.nr.
2.1	Leyfið gildir um allt land, en þó ber rekstraraðila að tilkynna heilbrigðisnefnd á viðkomandi heilbrigðiseftirlitsvæði um starfsemina þegar farið er í fyrsta skipti inn á annað heilbrigðiseftirlitssvæði. Tilkynning getur t.d. falist í því að senda afrit af skráningu til viðkomandi heilbrigðisnefndar, sem getur þá haft samband við fyrirtækið, leiðbeint því um val á akstursleiðum, sett strangari skilyrði ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi eða jafnvel bannað akstur um viðkvæm vatnsverndarsvæði.	830/2022 og 550/2018
2.2	Heilbrigðisfulltrúar hafa eftirlit með færanlegri starfsemi í umboði heilbrigðisnefndar á hverju eftirlitssvæði.	Lög nr. 7/1998
2.3	Heilbrigðisnefndir gera með sér samkomulag um fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits á milli eftirlitssvæða. Gjaldtaka fyrir eftirlit skal vera í samræmi við gjaldskrá viðkomandi eftirlitssvæðis.	Lög nr. 7/1998

Starfsskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun hafs, reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði, reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða og reglugerð nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins.

Starfsskilyrði fyrir bifreiða og vélaverkstæði

Samræmd starfsskilyrði vegna mengunarvarna, skv. 5 gr. reglugerðar um skráningarskyldan atvinnurekstur nr. 830/2022, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum.

Rekstraraðila ber ávallt að uppfylla skilyrði þessi og almenn starfsskilyrði fyrir mengandi starfsemi. Einnig skal tryggja að starfsemi hans sé í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerða settar samkvæmt þeim.

1. UMGENGNI Á LÓÐ

	Rgl.nr.
1.1 Óheimilt er að geyma lausamuni, s.s. bílflök, bílhuta og annan úrgang á lóðum þannig að snúi að almannafæri, valdi fok- eða slysaðeigis eða hættu á mengun í jarðvegi.	737/2003 941/2002 14. gr.
1.2 Bifreiðum, tækjum og öðrum munum sem bíða viðgerðar, skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila. Geymslusvæði á lóð skal skerma af þar sem við á.	737/2003 16. og 18. gr.

2. FRÁVEITA

	Rgl.nr.
2.1 Hafa skal olíuskilju á fráveitulögn frá niðurföllum þar sem vinna með olíur fer fram. Stærð, gerð og staðsetning skilju skal vera í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um olíuskiljur. Senda skal upplýsingar um olíuskiljur til heilbrigðisnefndar til yfirferðar og samþykkis. Heilbrigðisnefnd getur samþykkt aðra tilhögun en olíuskilju sem hindrar að olía berist í frárennsli.	798/1999 5. gr. 884/2017 51. gr.
2.2 Halda skal notkun olíuhreinsiefna í lágmarki. Til hreinsunar á gólfum skal nota umhverfisvæn sápu efni og/eða olíuhreinsa sem hafa olíuskiljunni. Óheimilt er að nota efni sem innihalda lífræn leysiefni.	798/1999 5. gr.
2.3 Olíuskilja skal skoðuð reglulega og ekki sjaldnar en á sex mánaða fresti. Olíuskilja skal tæmd eftir þörfum og skal láta aðila með leyfi til flutnings spilliefna sjá um tæmingu.	798/1999 5. gr. 884/2017 gr. 51.
2.4 Þar sem hætta er á að fljótandi efnavara, olíur eða olíuefni fari niður ber að hafa til reiðu búnað til upphreinsunar, s.s. blautsugu, olíumottur, tvist, sag eða annan ísogsbúnað.	884/2017 63.gr. 798/1998 5. gr.
2.5 Þvottur á tækjum og bifreiðum skal fara fram á svæðum með bundið slitlag og þar sem fráveita er tengd sandfangi og olíuskilju.	798/1999 5. gr. 884/2017

2.6	Staðsetja skal ílát undir olíuefni, þ.m.t. úrgangsolíu, í þróm eða lekabyttum innandyrna eða tryggja á annan hátt að innihaldið berist ekki í niðurföll. Ef olíuefni eru geymd utandyrna skal það vera í skýli eða á annan þann hátt sem heilbrigðisnefnd samþykkir. Eftir atvikum getur heilbrigðisnefnd gert kröfu um árekstrarvarnir við skýli utandyrna.	43. gr., 50 gr. 809/1999 7. gr.
-----	--	------------------------------------

3. SPILLIEFNI OG ANNAR ÚRGANGUR

		Rgl.nr.
3.1	Olíusíur og úrgangsolía teljast spilliefni og skal skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku með starfsleyfi. Pressuðum olíusíum má skila með málmúrgangi.	1040/2016 og rgl. nr. 806/1999
3.2	Hjá rekstraraðilum þar sem olíuúrgangur fellur til er skylt að tryggja að hann sé geymdur á viðeigandi hátt og merktur sem úrgangsolía. Úrgangsolíugeymar utandyrna skulu vera með lekavörn. Árekstrarvarnir skulu vera við slíka geyma.	884/2017 809/1999 7.gr. rgl. nr. 1040/2016 806/1999 8.gr.
3.3	Olíumenguðum jarðvegi ber að koma til viðurkenndra móttökuaðila.	1400/2020
3.4	Rafgeymar og rafhlöður teljast spilliefni og skal skila til viðurkenndra móttökuaðila. Meðhöndlun og öll geymsla, þ.m.t. bráðabirgðageymsla skal fara fram á stöðum með ógegndræpu yfirborði og undir viðeigandi yfirbreiðslu sem er vind- og vatnsheld, í lokuðum og vökvaheldum spilliefnakörum eða í viðeigandi gámum.	1040/2016 og rgl. nr. 806/1999 rgl. nr. 1020/2011
3.5	Blý, t.d. í jafnvægislóðum, er spilliefni og skal skilað til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.	737/2003 og rgl. nr. 806/1999

Starfsskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, efnalög nr. 61/2013, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR móttökustöðvar fyrir ökutæki sem áformað er að farga

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Starfsleyfisskilyrði þessi ná yfir rekstur sem annast innsöfnun, móttöku og ráðstöfun á bifreiðum og öðrum ökutækjum sem fara eiga í niðurrif eða förgun skv. ákvæðum úrvinnslugjaldlaga nr. 162/2002 og reglugerð nr. 1124/2007 um úrvinnslugjald.	550/2018 5. gr.	
1.2	Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd setur ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja.	550/2018 6. gr.	
1.3	Ef rekstraraðili er með annan starfsleyfisskyldan rekstur gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	550/2018 5. gr.	
1.4	Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati heilbrigðisnefndar ber að sækja um starfsleyfi að nýju.	550/2018 13. gr.	
1.5	Áður en heimilaður er rekstur móttökustöðvar fyrir bifreiðar og önnur vélknúin ökutæki sem biða niðurrifs eða förgunar skal liggja fyrir samþykki byggingarnefndar um lóðanýtingu, gerð bilastæða, girðingar og afmörkun og gerð geymslusræða.	550/2018 og rgl. nr. 112/2012	
1.6	Starfsleyfið nær ekki til niðurrifs slíkra tækja.	550/2018	
1.7	Rekstraraðili ber ábyrgð á því að spilliefni (s.s. bensín, oliur, glussar, rafgeymar, olusíður, kælimiðlar og frostlögur) séu fjarlægð úr bifreiðum og öðrum vélknúnum ökutækjum sem berast til förgunar.	806/1999 og rgl. nr. 1040/2016	

*Samræmd starfsleyfissskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 785/1999
um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, með síðari
breytingum*

Starfsleyfissskilyrði fyrir flutning á spilliefnum

1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Starfsleyfissskilyrði þessi gilda fyrir aðila sem annast söfnun og flutning á spilliefnum öðrum en þeim sem flutt eru með dælubifreiðum. Starfsleyfi sem gefin eru út á grunni þeirra falla úr gildi ef skipt er um eigendur eða starfsemin flytur. Starfsleyfissskilyrðin gilda fyrir flutning á spilliefnum frá móttökustöð til förgunarstöðvar eða til endurvinnslu.
Leyfið gildir um allt land, en þó ber rekstraraðilanum að tilkynna öðrum heilbrigðiseftirlittsvæðum um starfsemina þegar farið er í fyrsta skipti inn á annað heilbrigðiseftirlittssvæði. Tilkynning getur t.d. falist í því að senda afrit af starfsleyfi til viðkomandi heilbrigðiseftirlits, sem getur þá haft samband við fyrirtækið, leiðbeint því um val á akstursleiðum, sett strangari skilyrði ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi eða jafnvel bannað akstur um viðkvæm vatnsverndarsvæði.
- 1.2 Ef um annan starfsleyfissskyldan rekstur er að ræða samhliða, gilda einnig viðeigandi starfsleyfissskilyrði. Heimilt er að endurskoða starfsleyfissskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða skaðleg áhrif á umhverfi sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef fram koma almennar kröfur eða ný tækni sem leiðir til bættra mengunarvarna.
- 1.3 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfissskilyrðum. Breytingar á rekstri skal tilkynna til leyfisveitanda. Við flutning á spilliefnum sem flokkast sem hættulegur farmur samkvæmt reglugerð nr. 984/2000, um flutning á hættulegum farni, gilda ákvæði þeirrar reglugerðar eftir því sem við á, m.a. um réttindi ökumanns, viðurkenndar umbúðir, merkingar á umbúðum og ökutæki, fylgibúnað og fylgigögn (farmbréf fyrir hættulegan farm og flutningsslysablað).
- 1.4 Rekstraraðili skal starfrækja innra eftirlit með mengandi þáttum, umhverfis- og rekstrarþáttum á hverri starfsstöð. Skrá skal á skilvirknan hátt og geyma upplýsingar um:
 - a) Magn og gerð spilliefna sem flutt eru.
 - b) Vegakort sem sýnir flutningsleiðir sem eknar eru oftast.
 - c) Skrá skal allar akstursleiðir sem liggja um viðkvæm svæði.
 - d) Gera skal viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa.
 - e) Skrá skal öll mengunaróhöpp og atvik er varða mengun og mengunarvarnir fyrirtækisins, s.s. bilanir, leka eða slys.

Innra eftirlit og skráningar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðilum.



Starfsleyfisiskilyrði fyrir Sindraport hf., kt: 420589-1319, fyrir starfsemi móttökustöðvar fyrir úrgang að Klettagörðum 9

1. Gildissvið og almenn ákvæði

- 1.1 Starfsleyfi þetta gildir fyrir starfsemi Sindraports hf., kt. 420589-1319, á starfsstöð að Klettagörðum 9, hér eftir nefnt rekstraraðili. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá iðnaði og mengunarvarnaeftirlit, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, reglugerð nr. 303/2008 um úrvinnslu ökutækja, reglugerð nr. 1450/2025 um fráveitur og skólphreinsun, lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs. Til viðbótar við starfsleyfisiskilyrði þessi ber rekstraraðila að fylgja, eftir því sem við á, ákvæðum almennra starfsleyfisiskilyrða heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi, samræmdum starfsleyfisiskilyrðum fyrir móttökustöð fyrir ökutæki sem áformað er að farga, samræmdum starfsleyfisiskilyrðum fyrir flutning á spilliefnum, starfsiskilyrðum fyrir flutning á úrgangi og starfsiskilyrðum fyrir bifreiða- og vélaverkstæði ásamt öðrum lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda.
- 1.2 Rekstraraðila ber að sjá til þess að starfsemin sé í samræmi við lög og reglur sem um starfsemina gilda og ákvæði starfs- og starfsleyfisiskilyrða. Rekstraraðila ber ábyrgð á að starfsemin fari fram með þeim hætti að hvorki fólk né umhverfi stafi hætta af.
- 1.3 Starfsleyfið skal endurskoðað ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þess, mengun af völdum atvinnurekstrarins er meiri en búast mátti við þegar leyfið var gefið út eða ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun án óhóflegs kostnaðar. Jafnframt skal endurskoða starfsleyfið ef öryggi við rekstur krefst þess að önnur tækni sé notuð en upphaflega var miðað við, ef breytingar verða á atvinnurekstri, ef fram kemur ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna eða ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi. Um endurskoðun á starfsleyfi skal fara samkvæmt 14. gr. rg. nr. 550/2018.
- 1.4 Ef rekstraraðili fyrirhugar að gera breytingar á eðli, virkni eða umgangi starfseminnar sem varðað geta starfsleyfið ber honum að tilkynna Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um það með þriggja mánaða fyrirvara, sbr. 13. gr. rg. nr. 550/2018. Heilbrigðiseftirlitið metur upplýsingarnar innan fjögurra vikna frá



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

móttöku þeirra og tilkynnir rekstraraðila skriflega um það hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi.

- 1.5 Tilkynna skal Heilbrigðiseftirlitinu strax um mengunarslys sem kunna að verða.
- 1.6 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að knýja á um úrbætur
- 1.7 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.8 Um opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfseminni fer skv. 57. gr. rg. nr. 550/2018.
- 1.9 Starfsleyfi skal hanga uppi á áberandi stað í fyrirtækinu. Eintak af starfsleyfisskilyrðunum skal ávallt tiltækt á vinnustað og skal rekstraraðili bera ábyrgð á því að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.
- 1.10 Taki nýr aðili við rekstrinum getur hann sótt um til Heilbrigðiseftirlitsins að starfsleyfið verði fært yfir á hann án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum.
- 1.11 Rekstraraðili getur falið verktaka að annast verk fyrir sig, enda hafi hann gengið úr skugga um að viðkomandi verktaki hafi öll tilskilin leyfi. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé fylgt. Rekstraraðila ber að uppfylla lög og reglugerðir á starfssviði sínu og haga starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.
- 1.12 Almennigur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði í viðauka IV í rg. nr. 550/2018. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur birtir þær upplýsingar og niðurstöðu eftirlits opinberlega. Birtingin er á vefsíðu embættisins eða með öðrum aðgengilegum hætti.

2. Starfsemi, athafnasvæði og geymsla úrgangs

- 2.1 Starfsleyfið gildir fyrir móttöku, meðferð og vinnslu brotamálma, allt að 15.000 tonnum á ári, allt að 500 tonnum á ári af hjólbörðum og 8.000 tonnum af bílflökum sem áformað er að farga. Einnig má taka á móti úrgangsefnum sem eru eðlilegir fylgihlutir þessara úrgangsefna. Vinnsla spilliefna er einungis heimil með starfsleyfi Umhverfis- og orkustofnunar. Starfsleyfið nær einnig til reksturs bifreiða- og vélaverkstæðis, flutnings úrgangs og spilliefna og olíumannvirkja til eigin nota (einn neyslugeymir og 5 úrgangsolúgeymar sbr. upplýsingar frá



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

fyrirtækinu). Úrvinnsla bíla sem áformað er að farga skal vera í samræmi við ákvæði í reglugerð nr. 303/2008 um úrvinnslu ökutækja.

- 2.2 Starfsleyfi gildir til frá XX.XXXX.2026 til 1.september 2031.
- 2.3 Starfsemi fyrirtækisins á þessum stað skal takmörkuð við lóðina Klettagarða 9. Allt athafnasvæði fyrirtækisins skal vera steipt og/eða með bundnu slitlagi. Starfsemi er óheimil á svæði með miklum yfirborðsskemmdum slitlagi samanber afmörkun með pennastriki í mynd 2 í greinargerð umsækjenda með umsókn um starfsleyfi. Lóð skal afmörkuð með girðingum sem hindra aðgengi almennings að athafnasvæðinu. Hlið skulu vera læst utan athafnatíma. Óheimilt er að geyma brotamálma, gáma, vélar, tæki og dráttarvagna utan lóðar. Sama á við um bifreiðar hlaðnar brotamálmi nema í heimkeyrslu yfir nótt.
- 2.4 Halda skal vinnusvæðum, húsnæði, tækjabúnaði og umhverfi snyrtilegu eftir því sem kostur er.
- 2.5 Fara skal þannig með allan úrgang við meðhöndlun að tryggt sé að hann valdi ekki óþrifnaði eða ónæði.
- 2.6 Í meðferð alls úrgangs skal gætt sérstaklega að flokkun hans sé í samræmi við möguleika á endurnotkun, endurvinnslu, endurnýtingu og/eða viðurkenndri förgun eins og hún er skilgreind á hverjum tíma. Jafnframt skal fara að ákvæðum rg. nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs eins og við á.
- 2.7 Áhersla skal lögð á jafna vinnslu alls efnis sem tryggir að rúmtak þess sé í lágmarki hverju sinni. Hámarksmagn úrgangs á hverjum tíma skal vera skv. töflu 1.

Tafla 1 Hámarksmagn úrgangs sem leyfilegt er að geyma lóð á hverjum tíma.

Úrgangsefni	Hámarksmagn (tonn)
Brotamálmur 1* og 2* efni, góðmálmar, annar óbrennanlegur málmur	5.000
Brotamálmur 3** efni, eitt brunahólf	2.500
Bílflök til förgunar, eitt brunahólf	2.700
Ál og ryðfrítt	200
Úrgangsolía	50
Hjólbarðar	150
Annað (plast, tróð o.fl)	70
Plastkór	70

* efni 1 og 2 er flokkaðir málmar,

** efni 3 eru óunnir og blandaðir málmar



- 2.8 Við móttöku á bifreiðum sem áformað er að farga skal tæming olú og vökva af bifreiðum fara fram innandyr á svæði með þar til gerðum tæmingarbúnaði, sem tengdur er tönkum sem taka við úrgangsefnum. Skýli skal vera til staðar yfir svæði þar sem að pressun á bílum fer fram. Einnig skulu rafgeymar fjarlægðir og þeir meðhöndlaðir í samræmi við ákvæði gr. 3.9., íhlutir sem hugsanlega eru sprengifimur s.s. öryggispúðar skulu fjarlægðir eða gerðir óvirkir, allir íhlutir sem innihalda kvikasilfur skulu fjarlægðir eftir því sem unnt er og allir íhlutir sem innihalda blý, kadmíum eða sexgilt króm og eru merktir sem slíkir skulu fjarlægðir áður en frekari úrvinnsla fer fram. Geymsla á bílum og bílhræjum sem tekið er á móti vegna áformaðrar förgunar, hvort sem er á lóð rekstraaðila eða annars staðar skal, vera á svæði þar sem frárennsli fer um olúskilju.
- 2.9 Meðhöndlun málmkennds úrgangs sem inniheldur eða kann að innihalda spilliefni skal fara fram á svæði undir þaki eða skyggni með aðstöðu til að geyma úrganginn á viðeigandi hátt sem heilbrigðiseftirlitið samþykkir. Koma skal málmkenndum úrgangi sem kann að innihalda spilliefni til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.
- 2.10 Brennanlegur meðúrgangur, s.s. timbur, plast og pappi (meðúrgangur með brotamálmum) skal geymdur a.m.k. 15 m innan lóðarmarka í gámum. Hjólbarðar skulu vera geymdir í gámum, utan opnunartíma skulu gámar vera lokaðir og læstir. Ekki má geyma hjólbarða utan gáms nema sem nemur vinnslumagni eins dags. Annað brennanlegt efni skal geymt í eldvarnarhólfum, aðskilin með eldvarnarvegg eða með 15 m öryggisfjarlægð.
- 2.11 Stöflunarhæð óbrennanlegs úrgangs við lóðarmörk skal haldið í lágmarki. Við lóðarmörk skal óbrennanlegur úrgangur ekki vera hærrí en hæð girðingar innan við 5 m frá girðingu og ekki meiri en tvöföld hæð hennar innan næstu 5 m. Mesta stöflunarhæð í haugum með brennanlegum úrgangi skal vera 3 metrar.
- 2.12 Rekstraraðili skal útbúa viðbragðsáætlun sem skilgreinir hvernig brugðist skal við ef efnismagn fer tímabundið yfir hámarks magn sbr. töflu 1. Áætlunina skal senda til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur til yfirferðar og samþykktar.
- 2.13 Geymslurými úrgangs sem ekki nýtist fyrirtækinu til endurvinnslu skal vera til staðar. Koma skal slíkum úrgangi reglulega til förgunar þannig að ekki verði uppsöfnun á honum á athafnasvæði fyrirtækisins. Urðun eða brennsla úrgangs á athafnasvæðinu er óheimil.
- 2.14 Við innkeyrslu inn á athafnasvæðið skulu vera skilti með leiðbeiningum til þeirra sem koma með úrgang til fyrirtækisins. Meðal þess sem fram skal koma á skiltunum er opnunartími móttökunnar og upplýsingar, til þeirra sem koma með úrgang, um að láta vita af sér á tilteknum stað.
- 2.15 Rekstraraðili skal takmarka aðsókn meindýra að athafnasvæðinu með skipulögðum meindýravörnum. Verði vart við meindýr, s.s. rottur eða vargfugla, skal séð til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu. Skýrslur um meindýraeftirlit skulu vera aðgengilegar í eftirliti.



3. Mengunarvarnir

- 3.1 Rekstraraðila ber að tryggja að atvinnureksturinn sé með þeim hætti að allar viðeigandi mengunarvarnir séu viðhafðar, og til þess sé beitt bestu aðgengilegu tækni (BAT), hafi hún verið skilgreind. Nýta skal orku vel. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð heildaráhrif á umhverfið (sambættar mengunarvarnir). Mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa skal haldið í lágmarki og tryggja skal víðtæka umhverfisvernd.
- 3.2 Halda skal hávaða við vinnslu hráefnis og vegna annarra athafna, svo sem umferðar um athafnasvæðið, í lágmarki. Um hávaða fer skv. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða. Hávaði skal vera undir þeim viðmiðunarmörkum fyrir atvinnustarfsemi sem tilgreind eru í töflu III í reglugerð um hávaða.
- 3.3 Til að lágmarka loftmengun er óheimilt að hafa kolefnaeldsneytisknúnar vinnuvélar eða bifreiðar í gangi umfram það sem tengist eðlilegri umferð eða endurvinnslustarfsemi, svo sem pressun brotajárns eða tætingu annars hráefnis.
- 3.4 Afrennsli frá öllu athafnasvæðinu skal fara í gegnum sand- og olíuskiljukurfi sem ræður við umfang starfseminnar. Olíuskiljur skulu vera í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um olíuskiljur og gildandi staðla um olíuskiljur sbr. viðauka II í rg. 884/2017 og hreinsa olíu niður fyrir 15 ppm í frárennslinu að lágmarki. Auk þess skal vera loki til að loka fyrir frárennsli ef olíuskiljur og tengdur búnaður yfirfyllast. Á frárennsli olíuskilja skal vera sýnatöku- og eftirlitsbrunnur. Tryggja skal mánaðarlegt eftirlit með olíuskiljum og tengdum búnaði og þær tæmdar eftir þörfum, að lágmarki þó ekki sjaldnar en á sex mánaða fresti. Frárennsli frá olíuskilju skal fara í skólpráveitu.
- 3.5 Rekstraraðili skal framkvæma mælingar á mengandi efnum í frárennsli a.m.k. einu sinni á ári. Viðmið fyrir mæligildi er að finna í kafla 4, töflu 2.
- 3.6 Við rekstur olíugeyma, meðhöndlun, notkun og geymslu á olíu, lýsi og grút, lífdísel og öðru lífeldsneyti, íblöndunarefni eða lífrænum leysum sem hafa svipaða eiginleika og olía og úrgangur þessara efna er meðhöndlaður eða geymdur ber að fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, m.s.br.
- 3.7 Þar sem neyslu-, húsa- eða lausageymar eru í notkun skulu vera öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir.
- 3.8 Neyslugeymar sem notaðir eru fyrir áfyllingu á farartæki skulu vera með yfirfyllingarviðvörðun eða yfirfyllingavörn. Afgreiðsluplan tengt olíuskilju skal vera við neyslugeyma til afgreiðslu á ökutæki. Neyslugeymir skal útbúinn afgreiðslubyssu með útsláttarbúnaði sem lokar fyrir rennsli áður en yfirfylling á sér stað. Afgreiðslubyssur skulu þannig útbúnar að ekki sé hægt að festa þær í opinni stöðu á milli afgreiðslna.



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

- 3.9 Rafgeyma skal geyma innandyrna eða í lokuðum gámum í lekaheldum ílátum. Rafgeymum má raða á bretti eða í kör til flutnings til spilliefnamóttöku. Engin frekari vinnsla eða meðhöndlun á rafgeymum er heimil.
- 3.10 Rekstraraðili skal vera með tiltækan mengunarvarnarbúnað til að bregðast við efnaleka, eins og uppsogsmottur, uppsogspylsur eða uppsogssand. Notuðum mengunarvarnarbúnaði skal komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.
- 3.11 Rekstraraðila ber að hafa viðbragðsáætlun vegna mögulegra mengunaróhappa í starfseminni. Kynna skal starfsmönnum áætlunina og æfa viðbrögð við mengunaróhappi a.m.k. árlega. Viðbragðsáætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.
- 3.12 Rekstraraðili skal hafa samband við Heilbrigðiseftirlitið eins fljótt og auðið er komi til mengunaróhapps. Einnig ef ófyrirsjáanlegar aðstæður leiða til rekstrarstöðvunar. Þegar í stað skal grípa til aðgerða til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu og kalla til Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins sem er viðbragðsaðili. Í þeim tilvikum sem lög kveða á um skal einnig tilkynna mengunaróhöpp til Umhverfisstofnunar.
- 3.13 Verði á starfstímanum mengun af völdum starfsemi rekstraraðila sem gæti stofnað heilsufari almennings í hættu og/eða valdið röskun lífríkis, skal rekstraraðili koma í veg fyrir að mengunarefni haldi áfram að berast út í umhverfið. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem hefur orðið eftir óhapp eða annað atvik, á sinn kostnað.

4. Innra eftirlit og skráningar

- 4.1 Fyrirtækið skal hafa innra eftirlit með starfseminni sem m.a. er fólgið í skráningu á eftirfarandi:
 - a. Upplýsingar um úrgang.

Skrá skal upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á móti. Skrá skal tegund úrgangs, magn, uppruna og ráðstöfun hverrar tegundar.
 - b. Atvik er varða móttöku efna.

Skrá skal þau tilvik þar sem vart verður við spilliefni eða hluti sem innihalda spilliefni í förmum umfram það sem búast má við, t.d. úr bifreiðum. Meðal annars skal skrá hvers konar efni var um að ræða og til hvaða aðgerða var gripið til að koma efninu til viðurkenndrar móttökustöðvar fyrir spilliefni.
 - c. Olúskiljur
Kanna á stöðu vökva í olúskiljum mánaðarlega og tæma tvisvar á ári eða oftar ef þörf þykir. Skrá skal eftirlit með olúskiljum og tæmingu þeirra, einnig prófanir á viðvörunarbúnaði og skynjurum á olúskiljum, olútönkum og öðrum búnaði eftir því sem við á.
 - d. Mengunaróhöpp



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Skrá skal öll mengunaróhöpp sem verða, m.a. þegar hellast niður spilliefni, t.d. við að slöngur olíuþrýstikerfa vinnuvéla gefa sig. Skrá skal umfang óhappsins, viðbrögð og hvernig staðið var að upphreinsun auk annars sem máli kann að skipta.

e. Mælingar í frárennsli

Mælingar á efnastyrk í frárennsli skulu fara fram einu sinni á ári, fyrir 1. október ár hvert. Eftirfarandi losunarmörk gilda fyrir mælingar, hámarksgildi fyrir hvern þátt.

Tafla 2 Losunarmörk fyrir fráveituvatn

Mælipáttur	Styrkur
Lífrænt efni sem COD, mg O ₂ /L	1000*
Svifagnir, mg/L	500*
Olía og fita (óskautuð), mg/L	100*
Hitastig °C**	35*
Sýrustig, pH***	6,5-10*
Kvikasilfur, mg/L	0,03
Kadmíum, mg/L	0,15
Blý, mg/L	0,2

*Meðaltal fyrir vinnsludag

** Hitastig má nema allt að 50°C í að hámarki 30 mínútur á sólarhring.

*** Sýrustig(pH), má tímabundið fara niður í 4 sem nemur samtals einni klukkustunda á viku, vari það aldrei lengur en sem nemur 6 mínútum í hvert sinn.

Ef mæligildi eru yfir mörkum skal endurtaka mælingu innan eins mánaðar frá því niðurstöður liggja fyrir. Ef mæligildi eru aftur yfir mörkum ber fyrirtækinu að grípa til aðgerða til að standast kröfur. Tilkynna ber Heilbrigðiseftirlitinu ef að einhver mælipáttur fer yfir hámarksgildi.

- 4.2 Fyrir 1. maí ár hvert skal fyrirtækið skila til Heilbrigðiseftirlitsins umhverfisskýrslu fyrir síðastliðið almanaksár, þar sem lagt er mat á reksturinn út frá umhverfissjónarmiði. Skal skýrslan m.a. taka til þeirra atriða sem skrásett eru skv. innra eftirliti ásamt almennum upplýsingum um reksturinn. Einnig skal senda Umhverfis- og orkustofnun skráningar skv. a lið sbr. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 55/2003. Rekstraraðila er heimilt að vísa í ársskýrslu ef þar er að finna ofangreindar upplýsingar.
- 4.3 Ef fyrirtækið fær athugasemdir frá öðrum eftirlitsaðilum en Heilbrigðiseftirlitinu er fyrirtækinu skylt að senda Heilbrigðiseftirlitinu tilkynningu þar að lútandi.

5. Starfsemi hætt

- 5.1 Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnum og búnaði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt til að fyrirbyggja mengun. Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með a.m.k. mánaðar fyrirvara um fyrirhugaða stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi.



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

- 5.2 Rekstraraðili skal hafa neyðaráætlun um meðhöndlun úrgangs á þjónustusvæði móttökustöðvarinnar ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri hennar. Neyðaráætlunin skal innihalda tillögur um meðferð og förgun úrgangs þann tíma sem starfsemin liggur niðri. Neyðaráætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.
- 5.3 Flytji starfsemin eða leggst niður skal Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur vinna frummat á mengun á lóðinni í samræmi við 9.gr. rg nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.
- 5.4 Gefi niðurstaða frummats tilefni til, skal rekstraraðili vinna áhættugreiningu með tilliti til mengunar á jarðvegi á lóðinni sbr. gr. 10 í rg. nr. 1400/2020. Senda skal niðurstöðu áhættugreiningar til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur þegar hún liggur fyrir. Gefi niðurstaða áhættugreiningar tilefni til skal henni fylgja tímasett áætlun um hreinsun eða förgun mengaðs jarðvegs.
- 5.4 Að öðru leyti skal hlíta ákvæðum gr. 14 og 16 í rg. nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs.

6. Ýmis ákvæði

- 6.1 Rekstraraðili skal tryggja að starfsmenn kunni skil á ákvæðum starfsleyfis og þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda. Starfsmenn skulu hafa þekkingu á þeim búnaði stöðvarinnar og starfsháttum sem starfsleyfi þetta kveður á um, í samræmi við starfssvið þeirra.
- 6.2 Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á hættulegum eiginleikum þeirra efna sem það getur komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar í starfsstöð. Um starfsumhverfi og varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 6.3 Fyrirtækið skal tilnefna fulltrúa sem eftirlitsaðilar geta haft samband við utan venjulegs afgreiðslutíma fyrirtækisins ef þörf krefur.

7. Ákvæði til bráðabirgða

- 7.1 Lögð hefur verið fram sýnatökuáætlun vegna sýnatöku til að kanna með mengun í jarðvegi innan lóðarinnar og er vinna við sýnatöku farin af stað. Unnin verður áhættugreining vegna mengunar út frá niðurstöðum sýnatökunnar. Starfsleyfi rekstraraðila verður endurskoðað í ljósi niðurstöðu sýnatöku, áhættugreiningar og mögulegra aðgerða til hreinsunar á mengun gefi niðurstaða sýnatöku og áhættugreiningar tilefni til.



Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi

1. Gildissvið og almenn ákvæði

- 1.1 Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi eru gefin út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/. 2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnaeftirlit. lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun vegna starfsemi á landi og reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg. Skilyrðin gilda um starfsemi sem er starfsleyfisskyld samkvæmt viðauka IV í lögum nr. 7/1998 og viðauka X í rg. nr. 550/2018.
- 1.2 Handhafi starfsleyfis skal vera sá einstaklingur eða lögaðili sem rekur eða stýrir þeirri starfsemi sem starfsleyfið nær til, hér eftir kallaður rekstraraðili. Rekstraraðila ber að sjá til þess að starfsemin sé í samræmi við lög og reglur sem um starfsemina gilda og ákvæði starfsleyfisskilyrða. Rekstraraðili ber ábyrgð á að starfsemin fari með þeim hætti að hvorki fólki né umhverfi stafi hætta af.
- 1.3 Heimilt er að endurskoða starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða ef mengun er meiri en búast mátti við. Sama gildir ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi eða fram kemur ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna, samanber 5. gr. í rg. nr. 550/2018.
- 1.4 Um endurskoðun á starfsleyfisskilyrðum skal fara skv. ákvæðum í 14. gr. í reglugerð nr. 550/2018.
- 1.5 Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur ber að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.6 Ef rekstraraðili fyrirhugar að gera breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem varðað geta starfsleyfið ber honum að tilkynna heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um það með a.m.k. 3 mánaða fyrirvara, sbr. 13. gr. í rg. nr. 550/2018. Heilbrigðiseftirlitið metur upplýsingarnar innan fjögurra vikna frá móttöku þeirra og tilkynnir rekstraraðila skriflega um það hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi.



- 1.7 Ef rekstraraðili er einnig með aðra starfsemi sem er starfsleyfis eða skráningarskyld samkvæmt lögum nr. 7/1998, gilda um hana viðeigandi starfsleyfis- eða starfsskilyrði.
- 1.8 Öll mengunaróhöpp þar sem hættuleg efni eða spilliefni berast í fráveitu, jarðveg, sjó eða yfirborðsvatn ber tafarlaust að tilkynna Heilbrigðiseftirlitinu.
- 1.9 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um úrbætur getur Heilbrigðiseftirlitið beitt ákvæðum XVII kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.
- 1.10 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.11 Um opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfsleyfisskyldri starfsemi fer skv. 57. gr. í rg. nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- 1.12 Starfsleyfi skal vera sýnilegt með áberandi hætti á starfsstöðinni. Eintak af skilyrðunum skal ávallt tiltækt á vinnustað og skal rekstraraðili bera ábyrgð á að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.
- 1.13 Almennigur á rétt á upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði IV viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur birtir þær upplýsingar og niðurstöður eftirlits opinberlega. Birtingin er á vefsíðu embættisins eða með öðrum aðgengilegum hætti.

2. Lóð, athafnasvæði og húsnæði

- 2.1 Rekstraraðila er skylt að halda athafnasvæði, lóð og húsnæði hreinu og snyrtilegu og gæta þess að athafnasvæðið mengist ekki eða þar safnist fyrir úrgangur, svo og hlutir og búnaður sem ekki eru í notkun eða eru starfseminni óviðkomandi. Sorpgeymslur og ílát undir úrgang skulu standast kröfur Heilbrigðiseftirlitsins. Girðingum skal haldið við.
- 2.2 Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur fengið til afnota. Notkun lóðar og húsnæðis skal samrýmast því skipulagi og notkunargildi sem skipulags- og byggingaryfirvöld hafa samþykkt. Heilbrigðiseftirlitið getur krafist þess að lóð eða svæði innan hennar sé afgirt.
- 2.3 Að öðru leyti skal hlíta ákvæðum gr. 12., 13., 14., 15. og 16 í rg. nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs.



3. Meðferð hættulegra efna

- 3.1 Geyma skal öll hættuleg efni á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið ónæði, heilsutjóni eða umhverfisskaða. Heilbrigðiseftirlit getur gert kröfu um að efnavara eða stök efni séu geymd í læstum hirslum
- 3.2 Hættuleg efni skulu ekki geymd utandyra nema tryggt sé að mönnum og umhverfi stafi ekki hætta af þeim.
- 3.3 Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndu sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.
- 3.4 Umbúðir hættulegra efna skulu merktar samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablanda.
- 3.5 Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustaðnum.
- 3.6 Heilbrigðiseftirlitið getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á varasömum efnum. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi, á efnum eða aðstæðum á starfsstöð. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað í starfsstöðinni. Hún skal yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Æfa skal viðbrögð við óhöppum a.m.k. einu sinni á ári. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

4. Meðferð úrgangs og spilliefna

- 4.1 Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er.
- 4.2 Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er nokkur kostur. Meðal annars skulu einstakar gerðir úrgangs flokkaðar sérstaklega sé það nauðsynlegt til að endurnotkun eða endurnýting geti farið fram. Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs.
- 4.3 Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfisvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.



- 4.4 Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokað traust ílát sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætt á að umbúðir verði fyrir hnjaski.
- 4.5 Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.
- 4.6 Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings viðkomandi úrgangs.
- 4.7 Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu aðgengilegar við eftirlit í fyrirtækinu.
- 4.8 Leggist starfsemin niður skal öllum spilliefnum og ónothæfum efnum skilað til móttökustöðvar fyrir spilliefni.
- 4.9 Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni, um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.

5. Mengunarvarnir

- 5.1 Öll losun mengandi efna er óheimil án tilskilinna leyfa.
- 5.2 Rekstraraðila ber að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir að vatn, loft eða jarðvegur mengist. Halda skal í lágmarki mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa. Rekstraraðila er skylt að verða við kröfum heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur í mengunarvörnum þ.á.m. uppsetningu mengunarvarnabúnaðar, s.s. hreinsunarbúnaðar, loftútrása og hávaðavarna.
- 5.3 Ástand véla og tækja skal vera með þeim hætti að ekki valdi meiri mengun en ella. Ástand og eftirlit með mengunarvarnabúnaði skal vera þannig að búnaðurinn virki eins vel og kostur er.



- 5.4 Rekstraraðila ber að tryggja að atvinnureksturinn sé með þeim hætti að allar viðeigandi mengunarvarnir séu viðhafðar, og til þess sé beitt bestu aðgengilegu tækni (BAT), hafi hún verið skilgreind. Orku skal nýta vel.
- 5.5 Heilbrigðiseftirlitið getur farið fram á að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra mengunaróhappa. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi, efnum eða aðstæðum á starfsstöð. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað í starfsstöðinni. Hún skal yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Æfa skal viðbrögð við óhöppum a.m.k. einu sinni á ári. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.
- 5.6 Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að draga úr hávaða og koma í veg fyrir ónæði og heilsuspillandi áhrif af völdum hávaða frá starfseminni. Um hávaða fer að öðru leyti skv. reglugerð um hávaða nr. 724/2008.
- 5.7 Starfseminni skal þannig háttað að hún valdi ekki fólki í nágrenninu ónæði, óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna mengunar. Komi upp vandamál vegna lyktar eða mengandi efna frá útblæstri, er rekstraraðila skylt að verða við kröfum heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur, s.s. uppsetningu hreinsibúnaðar eða hærri útrásar. sbr. gr. 5.2.
- 5.8 Þar sem fljótandi mengandi efni eru til staðar s.s. hættuleg efni, olíuefni og spilliefni skal undirlag vera vökvahelt og viðbragðsbúnaður hafður til taks, s.s. ílát og efni eða búnaður sem sýgur í sig vökva. Uppsogsgeta búnaður skal taka mið af magni efna sem geymd eru á staðnum og eðli. Þar sem mikið magn framangreindra efna er til staðar skal auk þess hafa tiltækan búnað til að loka niðurföllum eða hindra á annan hátt að efnin geti borist í niðurföll. Heilbrigðiseftirlitið getur í sérstökum tilvikum gert kröfu um búnað, s.s. safntank eða lokubúnað á olúskilju til að koma í veg fyrir að mengandi efni berist í fráveitu ef óhapp verður. Ef óhapp á sér stað skal leggja áherslu á að hefta útbreiðslu efnanna við uppsprettu og ná þeim upp áður en þau komast í frárennsli.
- 5.9 Við rekstur olíugeyma, meðhöndlun, notkun og geymslu á olíu, lýsi og grút, lífdísel og öðru lífeldsneyti, íblöndunarefnum eða lífrænum leysum sem hafa svipaða eiginleika og olía og úrgangur þessara efna er meðhöndlaður eða geymdur ber að fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.



- 5.10 Þar sem neyslu-, húsa- eða lausageymar eru í notkun skulu vera öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir.
- 5.11 Neyslugeymar sem notaðir eru fyrir áfyllingu á farartæki skulu vera með yfirfyllingarviðvörðun eða yfirfyllingavörn. Afgreiðsluplan tengt olíuskilju skal vera við neyslugeyma til afgreiðslu á ökutæki, sbr. þó undanþáguákvæði í 41. gr. í rg. nr. 884/2017. Olíuskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfis- og orkustofnunar og gildandi stöðlum sbr. viðauka II í rg. 884/2017. Olíu- og sandskiljur skal skoða og yfirfara í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda og leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofnunar um olíuskiljur.
- 5.12 Gengið skal þannig frá neyslugeymum að ekki geti orðið sjálfrennsli frá þeim.
- 5.13 Neyslugeymir skal útbúinn afgreiðslubyssu með útsláttarbúnaði sem lokar fyrir rennsli áður en yfirfylling á sér stað. Afgreiðslubyssur skulu þannig útbúnar að ekki sé hægt að festa þær í opinni stöðu á milli afgreiðslna.
- 5.14 Þar sem olíuefni af jarðefnaolíuuppruna eru notuð skal koma í veg fyrir að þau berist út í umhverfið. Ef gera má ráð fyrir að olíuefni berist í frárennsli skal frárennslið leitt um olíuskilju. Olíuskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Á olíuskiljunni skal vera búnaður til að loka fyrir frárennsli frá henni, þannig að hægt sé að safna þar olíu og dæla beint úr skiljunni verði stórfellt óhapp.
- 5.15 Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 1066/2019 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir og viðeigandi starfsskilyrði sbr. gr. 1.7..
- 5.16 Að öðru leyti skal fylgja ákvæðum rg. 640/2022 um kvikasilfur, rg. nr. 920/2016 um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmslofti og upplýsingar til almennings, rg. nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) ásamt síðari breytingum, rg. nr. 787/1999 um loftgæði, rg. nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, rg. nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns, rg. nr. 1450/2025 um fráveitur og skólphreinsun, rg. nr. 799/1999 um meðhöndlun seyrur, rg. nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri og rg. nr. 809/1999 um olíuúrgang.



6. Eigið eftirlit og skráningar

- 6.1 Rekstraraðili skal hafa eftirlit með öllum rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun. Jafnóðum skal skrá og geyma upplýsingar um:
- a) Eftirlit með, úttektir, prófanir, bilanir og viðhald á mengunarvarnabúnaði, þ.m.t. hreinsun á síum, olúskiljum, skorsteinum og loftrásum.
 - b) Öll mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
 - c) Magn (kg,l) og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar eða flutningsaðila. Enn fremur nafn flutningsaðila og móttökustöðvar.
 - d) Annað sem ber að skrá skv. ákvæðum reglugerða eða sértækra starfsleyfisskilyrða.

7. Starfsemi hætt

- 7.1 Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnum og búnaði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt til að fyrirbyggja mengun og til hreinsunar lóðar. Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með a.m.k. mánaðar fyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi.
- 7.2 Ef líkur eru taldar á því að athafnasvæði fyrirtækis hafi mengast, skal heilbrigðiseftirlit vinna frummat sbr. ákvæði í 9. gr. rg. um mengaðan jarðveg. Gefi niðurstaða frummats tilefni til skal rekstraraðili vinna áhættumat sbr. ákvæði í 10. gr. sömu reglugerðar og leiðbeiningum Umhverfis- og orkustofnunar þar um. Í áhættumatinu skulu vera tillögur að meðhöndlun mengunar sé mengun staðfest í rannsóknum. Rekstraraðili skal standa straum af kostnaði við hreinsun mengunar í samræmi við skilgreinda landnotkun þar sem starfsemin fer fram og viðmið í viðauka í rg. um mengaðan jarðveg.
- 7.3 Hreinsun telst ekki lokið fyrr en að lokinni úttekt heilbrigðiseftirlits og staðfestingu þess að hreinsun sé fullnægjandi.

Samþykkt á 172 fundi heilbrigðisnefndar Reykjavíkur 16. apríl 2026.



Reykjavík

Umsókn um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Umsókn móttokin

20. nóvember, 2025

Einkvæmt auðkenni: 3506c70d-b316-40ec-821c-31d206666d53

Skilmálar

Já, ég samþykki!

✓

Tegund umsóknar

Vinsamlegast hakið við það sem við á

Ný starfsemi

Starfsemi hefst

01/12/2026 00:00:00

Starfsstöð og fyrirtæki

Heiti starfsstöðvar

Sindraport

Aðsetur starfsstöðvar

Klettagarðar 9

Póstnúmer aðseturs

104

Símanúmer

Netfang

bryndis@vso.is

Heimasíða

-

Nafn fyrirtækis

Sindraport hf.

Kennitala fyrirtækis

4205891319

Heimilisfang fyrirtækis

Klettagarðar 9

Póstnúmer fyrirtækis

104

Forsvarsmaður

Nafn forsvarsmanns

Kennitala forsvarsmanns

Sími forsvarsmanns

Netfang forsvarsmanns

Hvar fer starfsemin fram?

Hvar fer starfsemin fram?

Í fasteign

Fasteignanúmer

F2230596

Rýmisnúmer

Rými 04 0101, 05 0101, 06 0101 og á lóð

Starfsemi

Hvers konar starfsemi?

Mengandi starfsemi

Nánari lýsing á starfseminni

Móttaka á brotamálmi og úr sér gengnum ökutækjum, geymsla og flutningur á úrgangi. Umsókn um úttekt byggingarfulltrúa hefur verið send inn.

Fylgigögn

Viðbótargögn

Ums_kn starfsleyfi_Sindraport Klettagar_ar_2025nov.pdf,Klettagarðar
9_frårennsli_A.pdf,Klettagarðar 9_Frårennsli_B.pdf

19.11. 2025

25350

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Höfundur

Bryndís Skúladóttir/Jón Ásgeir
Jónsson

Umsókn um starfsleyfi fyrir Sindraport vegna geymslu á brotajárni á Klettagörðum 9

1 Umsókn um starfsleyfi

Sindraport hf. sækir um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fyrir móttöku og geymslu brotamálms á lóðinni Klettagarðar 9 í Reykjavík, með vísan í reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, X. viðauki, tl. 8.6., móttökustöðvar þar sem tekið er á móti meira en 5.000 tonnum af úrgangi á ári en þó með afköstum minni en 75 tonnum á dag. Í lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs er skilgreining á móttökustöð eftirfarandi:


Móttökustöð: staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi til geymslu til lengri eða skemmri tíma, til umhleðslu, flokkunar eða annarrar meðhöndlunar. Þaðan fer úrgangurinn til förgunar eða nýtingar, eða honum er fargað á staðnum..

Sindraport hf. tekur við úr sér gengnum ökutækjum og aðskilur efnisstrauma að nokkru leyti. Fyrirtækið tekur við ökutækjum hjá Vöku að Héðinsgötu en hyggst flytja starfsemi sína á lóð í Klettagörðum og áframvinna úrgangsefni enn frekar en nú er gert og flytja hráefnin til endurvinnslu og endurnotkunar erlendis.

2 Staðhættir og samræmi við skipulag

Lóðin Klettagarðar 9 er 13.529 m² að stærð og er innan skipulagsflákans Sundahöfn - Hafnir í aðalskipulagi. Vegtenging inn á lóðina er úr norðvestri frá Klettagarðsvegi. Á lóðum í kring er ýmis hafntengd starfsemi s.s. geymslu- og lagerhúsnæði. Sundahöfn er fjölbreytt flutningahöfn með farmstöðvar, gá mavelli, vörugeymslur og vörudreifingu. Á lóðinni hefur verið sambærileg starfsemi í talsverðan tíma eða frá áttunda áratugnum. Næsta íbúðarbyggð er handan Sæbrautar, í um 215 metrar fjarlægð í beinni loftlínu, í Grunnahverfinu. Starfseminni fylgir nokkur umferð, bæði er komið með brotamálma og úr sér gengin ökutæki á staðinn og frá lóðinni eru gámar færðir til útflutnings. Það er því kostur að lóðin er nálægt höfninni og flutningaleiðir að og frá hafnarsvæðinu eru greiðar. Staðsetning fyrirtækisins á hafnarsvæðinu er lykilþáttur í vali á lóð, það lágmarkar flutninga á efni sem fer frá fyrirtækinu.

Gildandi aðalskipulag tók gildi 19. október 2021 og gildir til ársins 2040. Lóðin Klettagarðar 9 fellur undir skipulagssvæðið Sundahöfn-Hafnir. Á hafnarsvæðum er einkum gert ráð fyrir starfsemi sem fellur undir skilgreiningu athafnasvæða en einnig má gera ráð fyrir starfsemi sem fellur undir iðnaðarsvæði, en tilgreina þarf þá starfsemi sérstaklega í deiliskipulagi. Tilgreint er í deiluskipulagi að á lóðinni verði geymsla á brotamálum, rafgeymum og öðru sem fellur til við niðurbrot, og fellur starfsemin því að gildandi aðalskipulagi. Deiluskipulag Klettasvæðis var samþykkt í Borgarráði þann 26. október 1999. Deiliskipulagi var síðast breytt 2003 þar sem lóðarmörk voru færð.



Mynd 1. Gildandi deiliskipulag frá 2003


3

Lýsing á starfseminni

Starfsemin felst í söfnun og útflutningi á brotamálmi og úr sér gengnum ökutækjum. Nýttur verður húsakostur sem þegar er til staðar á lóðinni og engar nýbyggingar eru fyrirhugaðar. Tekið verður á móti efni á auglýstum opnunartíma. Allt efni verður vigtað og skráð við móttöku. Olíur og vökvar eru tekin af ökutækjum og vinnuvélum, rafgeymar og dekk eru fjarlægð. Efnisstraumar eru vigtaðir og skráð hvaða efni koma inn á svæðið, hvernig þau flokkast í ólíka úrgangsflokka og hvert þau eru send til endurvinnslu, endurnýtingar eða förgunar. Úrgangsefni er sett í lokaða gáma og flutt jafnóðum með skipi til útflutnings. Svæðið er lokað og afgirt með öryggisgirðingu. Allt yfirborð lóðarinnar verður malbikað og frárennsli tengt oliugildrum (sambyggð sand- og oliugildra). Búnaður og ídræg efni til hreinsunar verður til reiðu ef óhapp verður.

Vitað er að það er mengaður jarðvegur á lóðinni, frá starfsemi undanfarinna áratuga. Einnig er vitað að malbikað yfirborð er lélegt á hluta lóðar. Í undirbúningi er hreinsun á lóðinni og viðgerðir til að loka yfirborði. Starfsemin verður til að byrja með á þeim hluta lóðar þar sem yfirborð lóðar er órofið, afrennsli verður leitt í fráveitu með gildru og þannig hindrað að frekari mengun berist í jarðveg og grunnvatn. Þegar hreinsun og viðgerðum á lóðinni er lokið verður lóðin skipulögð að nýju, með samþykki Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, sjá Mynd 2.

Leitast verður við að hafa athafnarsvæðið snyrtilegt. Orðið hafa brunar í dekkjum hjá sambærilegri starfsemi en slíkt hefur ekki gerst hérlandis árum saman. Bruni getur orðið vegna íkveikju eða sjálfssíkveikju. Til að sjálfssíkveikja verði þarf tilteknar aðstæður sem hægt er að forðast, t.d. verður hún helst í dekkjakurli og það þarf vissan hita til að sjálfssíkveikja verði. Koma má í veg fyrir að þessar aðstæður skapist. Hjá Sindraporti verður dekkjum safnað í lokaða gáma og þeir færðir reglulega í skip til útflutnings. Ekki verður uppsöfnun á dekkjum og þau verða ekki geymd á opnu svæði á lóðinni.



Mynd 2. Skiplag á lóðinni í upphafi starfsemi. Svæði með skemmdum á yfirborði verður afgirt.

Reiknað er með að unnið verði úr allt að 4.000 – 5.000 bílum á ári, sem vega um 5.600 – 7.000 tonn, og tekið verði við álíka miklu magni af brotamálmum. Hér er reiknað með að hvert ökutæki sé um 1,4 tonn og skiptist á eftirfarandi efnisstrauma í samræmi við tölfræði frá Eurostat (Tafla 2) (Eurostat, 2025). Við vinnsluna fellur til annar úrgangur en brotamálmar, einkum dekk, plast, rafgeymar, jarðvegur og efni sem flokkast sem spilliefni. Allur úrgangur verður flokkaður og sendur til meðhöndlunar, þ.e. endurvinnslu, endurnýtingar eða förgunar eftir því sem við á. Reiknað er með að það falli til árlega allt að 13.000 tonn af brotamálmum og 420 tonn af dekkjum. Spilliefni og rafgeymar verða sett í viðurkennda geymslutanka og ker og flutt reglulega af lóðinni til viðurkennds móttökuaðila.

Tafla 1. Skipting ökutækja í efnisflokka, miðað við 4.000 – 5.000 ökutæki og hvert tæki er um 1,4 tonn.

	4.000 ökutæki – Magn efnisstrauma (tonn)	5.000 ökutæki – Magn efnisstrauma (tonn)	Áætluð skipting í efnisstrau ma
Málmar	4.200	5.250	75%
Dekk	336	420	6%
Olíur og annað hreinsað úr ökutækjum	224	280	4%
Annað (plast, tróð o.fl)	840	1.050	15%
Alls	5.600	7.000	100%

4 Hættuleg efni

Starfsfólk fær þjálfun og fræðslu til að þau hafi þekkingu á þeim verkferlum sem beitt er við vinnsluna. Í starfsmannabjálfun er farið yfir hvaða efni eru á svæðinu og hættur sem tengjast meðferð þeirra. Upplýsingar um efnin, hættur þeim tengdar og viðbrögð við slysum eða óhöppum verða tiltækar. Útbúin verður neyðaráætlun um meðhöndlun úrgangs á þjónustusvæði Sindraports, ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri móttöku-stöðvarinnar. Þá verður lögð áhersla á að allur úrgangur fari til endurvinnslu eða í endurnýtingu.

Yfirlit yfir helstu efni sem geta valdið mengun sem verða á svæðinu, hættur sem þeim fylgja og mengunarvarnir eru í Tafla 2.

Tafla 2. Mögulegir mengunarvaldar og mengunarvarnir.

Efni	Hugsanleg losun	Afleiðingar losunar	Mengunarvarnir
Olía (díselolía)	Olía getur við óhapp komist í jarðveg eða grunnvatn.	Jarðvegur getur mengast og þarf þá að fjarlægja og senda til meðhöndlunar.	Vinnslusvæði er malbikað og frárennsli er tengt sand- og olúgildru.
Smurolía, frostlögur, bremsuvökvi og aðrir vökvar af ökutækjum	Vökvar geta lekið og mengað jarðveg eða grunnvatn.	Jarðvegur getur mengast og þarf þá að fjarlægja og senda til meðhöndlunar.	Vinnslusvæði er malbikað og frárennsli er tengt sand- og olúgildru. Vökvum er tappað í lokuð ílát.
Geymasýra	Rafgeymar geta brotnað eða óhöpp orðið sem leiða til leka sem mengar jarðveg eða grunnvatn.	Jarðvegur getur mengast og þarf þá að fjarlægja og senda til meðhöndlunar.	Rafgeymar eru settir í vökvaheld ker. Vinnslusvæði er malbikað og frárennsli er tengt sand- og olúgildru.

5 Hljóðvist

Lóðin er á hafnarsvæði þar sem fyrir er ýmis starfsemi sem veldur hávaða. Í starfsemi Sindraports er það helst afferming málma og ökutækja, flutningur ökutækja innan lóðar, pressun ökutækja og flutningur gáma af svæðinu, sem hækkar tímabundið og staðbundið hljóðstig. Akstur til og frá svæðinu mun einnig skapa staðbundin umferðarhljóð. Staðsetningin gerir það að verkum að flutningsleiðir til hafnar eru stuttar og innan hafnar-svæðis. Hámarkshraði innan hafnarsvæðisins er 50 km/klst (Reykjavíkurborg, 2025). Umferð til og frá svæðinu verður álíka og vegna fyrri starfsemi.

Unnið verður í samræmi við reglugerð nr. 724/2008 um hávaða. Þar kemur m.a. fram að á skilgreindu „iðnaðarsvæði og athafnarsvæði“ skal hljóðstig ekki fara yfir 70 LAeq við húsvegg. Staðsetning Klettagarða 9 gerir það að verkum að hljóð frá rekstri mun ekki hafa áhrif á íbúðabyggð, sem er í yfir 200 metra fjarlægð. Sæbraut liggur milli hafnar-svæðisins og íbúðarbyggðar er þegar nokkuð hávaðasöm stofnbraut, þar sem mælst hafa 70-74 dB á og við brautina (Umhverfisstofnun, 2022).

6 Loftgæði

Í starfseminni er notað jarðefnaeldsneyti á tækjum og búnaði. Annar búnaður er að mestu rafknúinn. Fylgst verður með notkun á eldsneyti og upplýsingar settar fram í grænu bókhalði. Gott viðhald á tækjum og búnaði verður til að lágmarka útblástur tækja. Efnið sem er á svæðinu er ekki þess eðlis að búast megi við mikilli rykmyndun eða lyktarmengun. Úrgangsefni verða sett strax í lokaða gáma sem fyrirbyggir fok.

7 Áhrifamat á vatnshlot

Lóðin er staðsett á grunnvatnshloti Stór-Reykjavík nr. 104-261-2-G. Í Vatnavefsjá kemur fram að vatnshlotið er 126,8 km2 að stærð og um sé að ræða sprungusveiti með miðlungs grunnvatnsstreymi. Magnstaða og efnafræðilegt ástand er óþekkt, magnstöðuá-hætta er óskilgreind en vatnshlotið er mögulega í hættu vegna álags efna. Ekki er skráð þekkt álag á vatnshlotið (Umhverfisstofnun, 2025). Starfsemi Sindraports er þess eðlis að vatnsnotkun er lítil, einungis til þrifa og fyrir starfsmannaaðstöðu. Frárennslisvatn fer af steiptum plönum í olúgildrur og þaðan í frárennsli. Við starfsemina berast spilliefni inn á lóðina með ökutækjum og vinnuvélum sem tekið er á móti. Vökvum, svo sem olíum og eldsneyti verður tappað af ökutækjum og vélum og safnað í þar til gerða tanka sem fluttir

verða á spilliefnamóttöku. Settur verður upp sérstakur búnaður til að fjarlægja efni úr loftkælingum bifreiða. Öll starfsemi þar sem hættu er á að spilliefni leki út fer fram á steiptum plönum þar sem afrennsli er safnað í sand- og olúgildrur. Þetta á við um móttökuplön og rými þar sem tappað er af tækjum. Vöktun verður á olúgildrum og skráning á losun þeirra. Mengunarvarnarbúnaður verður til staðar til að hreinsa upp mengun ef óhapp verður. Vitað er að það er mengaður jarðvegur á lóðinni, frá starfsemi undanfarinna áratuga og malbikað yfirborð er lélegt á hluta lóðar. Unnið er að hreinsun á lóðinni og viðgerðum til að loka yfirborði. Starfsemin verður til að byrja með á þeim hluta lóðar þar sem yfirborð lóðar er órofið, afrennsli verður leitt í fráveitu með gildru og þannig hindrað að frekari mengun berist í jarðveg og grunnvatn. Þegar hreinsun og viðgerðum á lóðinni er lokið verður lóðin skipulögð að nýju. Niðurstaða áhrifamats er að starfsemin leiði ekki til þess að ástandi vatnshlota hnigni eða að þau nái ekki umhverfismarkmiðum sínum. Áhrif starfseminnar á vatn og vatnshlot eru talin verða óveruleg.

Hringrás farið með starfsemi af lóð og búið að grófhreinsa.
Eftir að hreinsa m.a. hrúgu á vestur og mið/suðursvæði (líklega uppsóp af svæðinu).
Sindraport hf. leggur inn beiðni um starfsleyfi.

Loftmyndir ehf. Myndir frá 2025



2024

Sindraport hefur framkvæmdir við sökkul að byggingu sinni á Klettagörðum 7. Hringrás með fulla starfsemi á svæðinu (byrjaðir að greiða Faxaflóahöfnum leigu).

Leit



Timavélin ⓘ

10 9 8 7 6 5 4 3 2 1 0 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28 29 30 31 32 33 34 35 36 37 38 39 40 41 42 43 44 45 46 47 48 49 50 51 52 53 54 55 56 57 58 59 60 61 62 63 64 65 66 67 68 69 70 71 72 73 74 75 76 77 78 79 80 81 82 83 84 85 86 87 88 89 90 91 92 93 94 95 96 97 98 99 100

☐ Kart ☒ Lofmynd

Timavél sýnir ekki söguleg gögn úr valglugga

Samantburður

10 m

SMÁSTYR

2023



Timavélin ⓘ

48% 49% 50% 51% 52% 53% 54% 55% 56% 57% 58% 59% 60% 61% 62% 63% 64% 65% 66% 67% 68% 69% 70% 71% 72% 73% 74% 75% 76% 77% 78% 79% 80% 81% 82% 83% 84% 85% 86% 87% 88% 89% 90% 91% 92% 93% 94% 95% 96% 97% 98% 99% 100%

☐ Kort ☒ Loftmynd

[Samantburður](#)

Timavél sýnir ekki söguleg gögn ír valglugga

SAMSYN

2022



Timavélin ⓘ

1000 900 800 700 600 500 400 300 200 100 0 100 200 300 400 500 600 700 800 900 1000

☐ Kort ☒ Loftmynd

Timavélin sýnir ekki séðuð gögn úr vaxlagga

Samanburður



2021

Laft

Timavélin ①

1000

900

800

700

600

500

400

300

200

100

0

100

200

300

400

500

600

700

800

900

1000

☐ Kort

☒ Loftmynd

Timavélin sýnir ekki aðgang gagn úr valgugga

Samanburður

10 m

SAMSÖN



2020

Leit



Tímavélin ⓘ

1996 1997 1998 1999 2000 2001 2002 2003 2004 2005 2006 2007 2008 2009 2010 2011 2012 2013 2014 2015 2016 2017 2018 2019 2020 2021 2022 2023 2024 2025

○ Kort ● Loftmynd

Samanberður

Tímavél sýnir ekki söguleg gögn úr valgtögu

SARFVN

2015

Mjög gott ástand lóðar, lagna og annarra innviða.
Nýr leigutaki Hringrás (nýja) tekur við
svæðinu og leigir af Sindraporti hf (gamla Hringrás).



Tímavélin ⓘ

1990 1991 1992 1993 1994 1995 1996 1997 1998 1999 2000 2001 2002 2003 2004 2005 2006 2007 2008 2009 2010 2011 2012 2013 2014 2015 2016 2017 2018 2019 2020 2021 2022 2023 2024 2025

☐ Kort ☒ Loftmynd

Tímavélin sýnir ekki stöðugleg gögn úr valglugga

Samanburður

© 2025

30. Júní 2015, “nýja” Hringrás tekur við lóðinni daginn eftir.



2014





2013

Góð og lýsandi mynd yfir mjög gott ástand á öllu svæðinu.



Timavélin

1000 900 800 700 600 500 400 300 200 100 0 100 200 300 400 500 600 700 800 900 1000

☐ Kort ☒ Loftmynd

Timavélin sýnir ekki söguleg gögn úr valgugga

Samsanburður

1000 900 800 700 600 500 400 300 200 100 0 100 200 300 400 500 600 700 800 900 1000

1000 900 800 700 600 500 400 300 200 100 0 100 200 300 400 500 600 700 800 900 1000

2012

Ný vigt fyrir framan skrifstofu.
Rafmagns og vatnslagnir lagðar að miðsvæði.
Allt slitlag í mjög góðu ástandi og viðhaldi.



2011





map.is

Lofmyndir ehf.

Home / Search

Bláa - Notkunarskillur 2010 - Notkunarskillur

2010

Mjög góð og skýr mynd af fullbúnu svæði.

Ólífuskiljur komnar, steipt álagssvæði sést mjög vel á öllu suðursvæði og miðju og malbik á öðrum svæðum.



Maður á 2025

Notkunarskillur

Notkunarskillur

2009



2008



2007

Búið að skipta um jarðveg og setja steypu á álagssvæðum og malbik á allt svæðið ásamt því að setja upp margskiptar olíuskiljur og frárennsliskerfi. Búið að senda allan mengaðan jarðveg (fínefni) til eyðingar.



Búið að skipta um jarðveg á suð/vestur og suður hluta.

2006

Timavélin ①

1004 1005 1006 1007 1008 1009 1010 1011 1012 1013 1014 1015 1016 1017 1018 1019 1020 1021 1022 1023 1024 1025

☐ Kart ☒ Lofmynd

Samantburður

Timavél sjáir ekki söguð gögn úr valgiðuga

10 m

2005

Byrjað að hreinsa suð/vestur svæði og suðursvæði þar sem skemma og dekk brunnu í nóv 2004. Ný græn olfuskilja sést frístandandi vestast



Búið að hreinsa suð/austur svæði og skipta um jarðveg.
Verið að gera grunna fyrir 5 áhaldahús. Mengaður jarðvegur í sekkjum í vestast á svæði.

2004



2002





2000

Búið að hreinsa norð/vestursvæði og malbika og steypa álagssvæði á miðju. Jarðvegur sem hreinsaður var af yfirborði settur í suð/vestur horn lóðar, sem var harpaður og fínefni sem innihélt mengun sent utan til AVG í Þýskalandi til eyðingar.

Hreinsunarstarf heldur áfram.

1999



1997

Nýtt skrifstofuhúsnæði risið.
Eftir hreinsun er plan malbikað og innkeyrsla fyrir framan
skrifstofuhúsnæði og í kringum nýja vigt.



1996

Svæðið ómalbikað. Sérstakt hreinsunarstarf hefst.
Grunnur að skrifstofuhúsnæði. Allar mælingar sem til eru
eru frá þessum tímum fyrir hreinsun, uppsetningu olíuskilja og
lokun alls yfirborðs.



Mikilvægt að átta sig á því að megnið af starfsemi Hringrásar fer fram á föstu bergi áður klettabelti sem var fleygað og sprengt. Þ.e. álagsvæði á bergi, ekki uppfyllingu

1958 vs 2024

1958 2024

1958 vs 2024





mapas

Finnir / Search

Ísland - Höfuðborgarsvæðið - Reykjavík

▼ 1958




▼ 2024

1958 vs 2024


Myndir frá: 2025

10 m





1958 vs 2024



1958 vs 2024



1958 vs 2024



1958 vs 2024

1958 vs 2024



Reykjavík, 10. desember 2025
USK25110328

UMSÖGN BYGGINGARFULLTRÚA Á SAMÞYKKTRI NOTKUN HÚSNÆÐIS

Viðtakandi: Sindraport hf.
Sendandi: Byggingarfulltrúi

Heimilisfang: Klettagarðar 9

Merking: 04-0101, 05-0101, 06-0101 og lóð.

Starfsemi: Móttaka á brotamálmi og úr sér gengnum ökutækjum, geymsla og flutningur á úrgangi.

Byggingarfulltrúi gerir ekki athugasemdir við að Heilbrigðiseftirlitið gefi út starfsleyfi fyrir móttöku á brotamálmi, geymslu og flutning á úrgangi.

Húsnæðið og lóð heimilar þessa notkun.

Samkvæmt heimildum byggingarfulltrúa er ekki séð að breyting hafi átt sér stað á húsnæðinu frá samþykktum aðaluppdráttum dags. 09.06.2020 (BN057671) – ef svo er ber að sækja um byggingarleyfi hjá byggingarfulltrúa Reykjavíkur.

Umsögn byggingarfulltrúa á að fylgja með skráningu starfsleyfis hjá Heilbrigðiseftirliti.

Virðingarfyllst,
f.h. byggingarfulltrúa
Berglind Björg Sigvaldadóttir
Umhverfis- og skipulagssvið



Reykjavík



Reykjavík, 25. ágúst 2026
USK26070303

UMSÖGN BYGGINGARFULLTRÚA Á SAMÞYKKTRI NOTKUN HÚSNÆÐIS

Viðtakandi: Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Sendandi: Byggingarfulltrúi

Heimilisfang: Klettagarðar 9

Merking: 04-0101, 05-0101 og 06-0101, fasteignanúmer F2230596

Starfsemi: Móttaka á brotamálmi og úr sér gengnum ökutækjum, geymsla og flutningur á úrgangi.

Byggingarfulltrúi gerir ekki athugasemdir við að Heilbrigðiseftirlitið gefi út starfsleyfi fyrir móttöku æa brotamálmi og úr sér gengnum ökutækjum, geymslu og flutning á úrgangi að Klettagarðar 9 – Fnr. F2230596, rýmisnr. 04-0101, 05-0101 og 06-0101.

Húsnæðið heimilar þessa notkun.

Samkvæmt heimildum byggingarfulltrúa er ekki séð að breyting hafi átt sér stað á húsnæðinu frá samþykktum lóðaruppdráttum dags. 9. júní 2020 (BN057671) – ef svo er ber að sækja um byggingarleyfi hjá byggingarfulltrúa Reykjavíkur.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áðurgerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar.

Umsögn byggingarfulltrúa á að fylgja með skráningu starfsleyfis hjá Heilbrigðiseftirliti.

Ef húsnæðið uppfyllir ekki kröfur Heilbrigðiseftirlits fyrir fyrirhugaðri starfsemi þá skal sækja um þær breytingar sem þarf að gera á húsnæðinu.


Virðingarfyllt,
f.h. byggingarfulltrúa
Jarprúður Iða Másdóttir
Umhverfis- og skipulagssvið



Reykjavík, 3. febrúar 2026
USK26010165

Klettagarðar 9 – Umsögn skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. febrúar 2026 var lögð fram umsagnarbeiðni Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, dags. 9. janúar 2026, þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar Sindraports hf., dags. 20. nóvember 2025, um starfsleyfi fyrir móttökustöð fyrir úrgang þ.e. móttöku á brotamálmum og úr sér gengnum ökutækjum að Klettagörðum 9, ásamt geymslu á lóðinni og flutningi til og frá lóðar. Óskað er eftir umsögn um það hvort starfsemin samræmist skipulagi. Einnig er óskað eftir afstöðu til gildistíma starfsleyfis og hvort í undirbúningi séu einhverjar breytingar á skipulagi sem gætu haft áhrif á gildistíma þess, en HER gefur alla jafna út starfsleyfi til 12 ára. Einnig er lögð fram greinargerð VSÓ ráðgjafar, dags. 19. nóvember 2025.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag



Götumynd tekin af já.is

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Klettagörðum 9 borgarluta 4. Laugardalur og er hluti af hafnarsvæði H4 – Sundahöfn.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Í gildi er deiliskipulag Klettasvæðis, samþykkt í borgarráði 26. október 1999 ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Húsin á lóð nr. 9 við Klettagarða eru annars vegar skrifstofuhúsnæði byggt árið 1997 og hins vegar fimm skemmur byggðar árið 2005 skv. fasteignaskrá.

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á umsókn Sindraports hf. um starfsleyfi fyrir móttökustöð fyrir úrgang þ.e. móttöku á brotamálmum og úr sér gengnum ökutækjum að Klettagörðum 9, ásamt geymslu á lóðinni og flutningi til og frá lóðar.

Samkvæmt aðalskipulagi er lóðin og byggingarnar við Klettagarða 9 hluti af hafnarsvæði H4 – Sundahöfn. Um Hafnarsvæði H4 segir í aðalskipulagi Reykjavíkur 2040:

Fjölbreytt flutningahöfn með farmstöðvar, gámavelli, vörugeymslur og vörudreifingu. Einnig aðstaða fyrir skemmtiferðaskip. Starfsemi sem fellur undir skilgreiningu athafnasvæða sbr. skipulagsreglugerð er almennt heimil. Einnig má gera ráð fyrir starfsemi sem fellur undir iðnaðarsvæði, sbr.



skipulagsreglugerð, en tilgreina þarf þá starfsemi sérstaklega í deiliskipulagi. Ekki er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu smásöluverslunar á svæðinu. Gert er ráð fyrir starfsaðstöðu Faxaflóahafna á nýrri landfyllingu við Klettagarða. Stækkun landfyllingar við Klettagarða er enn fremur ætlað að mæta framtíðar landþörf skólphreinsistöðvar. Vegna áformaðrar landfyllingar við Klettagarða þarf að huga að eftirfarandi við mótun deiliskipulags, sbr. bókun í borgarráði: „Ásýnd og útsýni frá Laugarnesi til Viðeyjar verði eins lítið raskað og hægt er. Síðasta upprunalega strandlína í Reykjavík sem vísar í norður vestan Elliðaáa er á Laugarnesi og taka þarf tillit til þess við útfærslu og hönnun á landfyllingu sem komi í beinu framhaldi. Fuglalíf á svæðinu verði vakt að bæði á meðan framkvæmdir standa yfir og eftir. Unnið verði sérstaklega með útivist á svæðinu og göngutengingar. Sjóvarnargarðar verði mótaðir með tilliti til ásýndar og á eins náttúrulegan hátt og kostur er. Unnið verði sérstaklega með gróður og blágrænar ofanvatnslausnir. Mikilvægt er að landfyllingin og öll uppbygging á henni taki mið af verndar- og minjasvæði Laugarnestanga og að útivistargildi svæðisins aukist.“ Enn fremur verði við mótun landfyllingar í deiliskipulagi tekið tillit til hækkandi sjávarstöðu. Sjá ítarefni um hafnarsvæði í skjalinu B2. Skapandi borg (adalskipulag.is).

Í deiliskipulagsbreytingu fyrir Klettagarða 5 - 9, samþykkt í borgarráði 4. desember 2003, segir m.a. í sérskilmálum fyrir lóð nr. 9 við Klettagarða :

Innan nýs byggingarreits í suðaustur horni lóðarinnar er heimilt að byggja 6 smærri hús sem eru 9,5 x14,0 m að grunnfleti til geymlu á brotamálmum, rafgeymum og öðru er til fellur við niðurbrot.

Vegna áforma um nýtt deiliskipulag fyrir Köllunarklett þar sem unnið er að því að móta svæðið sem afmarkast af Sæbraut, Klettagörðum, Héðinsgötu, Köllunarklettsvegi og Sundagörðum, með tilliti til blandaðrar byggðar og vistvænna áhersla er æskilegt að takmarka gildistíma starfsleyfisins til 5 ára.

Niðurstaða

- Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við veitingu starfsleyfis til Sindraport hf. fyrir móttökustöð fyrir úrgang þ.e. móttöku á brotamálmum og úr sér gengnum ökutækjum að Klettagörðum 9, ásamt geymslu á lóðinni og flutningi til og frá lóðar.
- Vegna áforma um nýtt deiliskipulag fyrir Köllunarklett er æskilegt að takmarka gildistíma starfsleyfisins til 5 ára.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Jarprúður Iðla Másdóttir

verkefnastjóri



Reykjavík